

Nd. 885. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný 7. gr., svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.